



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 14. ágúst 2025

SFS25060171

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðhorf foreldra barna 12 mánaða og eldri sem ekki hafa dvalarpláss

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 23. júní 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hvaða gögn eru tiltæk um viðhorf foreldra/forsjáraðila barna á leikskólaldri, 12 mánaða og eldri, sem eru með lögheimili í Reykjavík en hafa hvorki dvalarpláss í leikskóla né hjá dagforeldrum?

Svar:

Skóla- og frístundasvið framkvæmir reglulega kannanir meðal foreldra barna sem njóta þjónustu í borginni. Þar á meðal er könnun meðal foreldra barna sem dvelja hjá dagforeldrum sem fer út annað hvert ár, síðast vorið 2024. Í þeirri könnun er stundum spurt um um leikskólaumsóknarferlið og mikilvægar upplýsingar hafa fengist þaðan um upplifanir fólks af þeirri óvissu sem felst í að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistunar, ekki síst í opnum svörum foreldra. Kannanir hafa ekki verið lagðar fyrir foreldra barna sem eru 12 mánaða og eldri og eru ekki í vistun hjá dagforeldri eða í leikskóla af hálfu sviðsins. Aftur á móti var lögð könnun fyrir foreldra um 700 barna með virka umsókn í borgarekinn leikskóla haustið 2022 í tengslum við sprettsvinnu við þjónustuhönnun á innritunarferli leikskólanna og margir foreldrar voru teknir í rýnihópavinnu og notendaprófanir. Sumir þessara foreldra voru búin að fá boð um vistun eða börn þeirra nýlega hafið vistun en áttu það sameiginlegt að hafa verið á biðlistanum um sumarið. Leikskólareiknirinn var meðal annars afrakstur þeirrar vinnu, innritunarferlið gert skýrara sem og betri upplýsingagjöf á heimasíðu borginnar.

Eins og á við alla þjónustuhönnun er mikilvægt að heyra frá notendum og það er mögulegt að svipaðar kannanir verði lagðar fyrir foreldra barna á biðlistum þó ekki sé það gert með reglubundnum hætti eins og til foreldra barna sem eru í leikskóla eða hjá dagforeldri. Flest barnanna sem eru hjá dagforeldrum hafa einnig verið á biðlistunum og án vistunar hjá dagforeldrum og gefur sú könnun og þau opnu svör sem foreldrar svara mikilvæga innsýn.

Borgin er með mjög takmarkaðan aðgang að netföngum foreldra barna sem eru ekki hjá dagforeldrum, í leikskóla eða á biðlistum um borgarrekna leikskóla.

Hafa verður í huga að upplifun foreldra er talsvert mismunandi eftir því hvenær ársins börnin fæðast og sú tímasetning er ekki alltaf sú sama á milli ára – þar hefur stærð fæðingarárangsins og þess árgangs sem er að fara upp í grunnskóla talsvert að segja.



Reykjavík